

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Erlings Pálssonar, yfirlögregluþjóns, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. júlí 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Erlings Pálssonar, yfirlögregluþjóns.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður Erlings Pálssonar, yfirlögregluþjóns.

Stofnfé hans er kr. 15 200.00.

Heimili minningarsjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita lögreglumönnum verðlaun fyrir frækileg björgunarafrek. Verðlaunin skulu vera silfurbikar og á hann letrað: Minningarsjóður Erlings Pálssonar, yfirlögregluþjóns, svo og nafn þess, er fær hann.

3. gr.

Eignir minningarsjóðsins eru stofnfé hans kr. 15 200.00, svo og þær gjafir, sem honum kunna að berast í framtíðinni.

4. gr.

Minningarsjóðurinn er eign Lögreflufélags Reykjavíkur. Í stjórn hans skulu eiga sæti þrjú menn kjörnir á aðalfundi Lögreflufélagsins ár hvert, til eins árs í senn. Stjórn sjóðsins ákveður um verðlaunaveitingu fyrir unnið afrek.

5. gr.

Eignir minningarsjóðsins skulu vera í vörzlu skrifstofustjóra lögreglustjóra-embættisins, sem ávaxtar þær á tryggilegan hátt í samráði við stjórn sjóðsins og annast reikningshald fyrir hann.

6. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, ef þörf krefur, vegna breyttra tíma og aðstæðna. Þarf samþykki allra sjóðstjórnarmanna og einnig stjórnar Lögreflufélags Reykjavíkur til slíkra breytinga.

Nafni sjóðsins og aðaltilgangi hans svo sem segir í gjafabréfi, dagsettu 16. desember 1966, má þó aldrei breyta.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 2. júlí 1968.

Bjarki Eliasson.

Bogi Jóh. Bjarnason.

Kristmundur J. Sigurðsson.